

Aðalfundur Bandalags Íslenskra Leikfélaga 2025

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Ólöf Þórðardóttir formaður Bandalagsins setur þennan 75. aðalfund BÍL. Hún minnst á hversu gaman er að sjá marga frá félögum sem hafa ekki komið áður og talar um að þetta sé í tuttugasta skipti sem hún kemur á þing.

Ólöf stingur upp á Sigríði Karlsdóttur sem fundarstjóra og Jónheiði Ísleifsdóttur sem fundarrita og er það samþykkt með lófaklappi.

Hörður fær orðið og segir að fundargögn sé hægt að nálgast rafrænt á QR kóðum sem búið er að hengja upp en einnig fær hvert félag möppu með gögnum. Hörður og Ólöf dreifa gögnum.

Sirry fundarstjóri tekur til starfa og segir frá því að hún hafi fyrst farið á þing árið 1974.

Fundarstjóri biður fundargesti að kynna sig, sem þeir gera með ánægju.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Sigríður Lára les upp þau leikfélög sem sent hafa inn kjörbréf. Halla Rún og Sigrún deila út atkvæðaspjöldum til félaganna. Það eru 20 félög með atkvæðisrétt á fundinum.

Hún kannar lögmæti fundar og er hann löglegur.

Sigríður Lára les upp stjórnarliða og hverjir eiga að ganga úr stjórn.

Formaður Ólöf Þórðardóttir á að ganga úr stjórn og gefur kost á sér áfram.

Gísli Björn Heimisson á líka að ganga úr stjórn og gefur ekki kost á sér áfram.

Úr varastjórn eiga að ganga Sigrún Tryggvadóttir, Bjarklind Þór og Fanney Valsdóttir. Ekki er komið endalegt svar frá þeim um hverjar gefa kost á sér áfram og tekur Sigga Lára fram að öllum sé frjálst að bjóð sig fram í stjórn Bandalagsins og óskar eftir framboðum í öll þessi stjórnarsæti.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Anna María les menningarstefnu Bandalags Íslenskra Leikfélaga.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Hörður kynnis þau félög sem hafa óskað eftir inngöngu í Bandalagið. Tvö félag hafa óskað eftir að vera tekinn inn í Bandalagið að þessu sinni.

- Leikfélag Þórshafnar
- Leikfélag Stafholtstungna

Innganga þeirra er samþykkt samhljóða. Engin félög hafa sagt sig úr Bandalaginu á síðasta ári.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundarstjóri bendir á að aðalfundargerð síðasta fundar sé aðgengileg á vefnum og kallar eftir athugasemdum.

Engar athugasemdir og fundargerð síðasta aðalfundar er afgreidd samhljóða.

Hörður dreifir skýrslu stjórnar.

6. Skýrsla stjórnar.

Ólöf les skýrslu stjórnar:

“Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Lögð fram á aðalfundi í Vatnsholti 3. – 4. maí 2025

I. Starfsemi félaganna

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, formaður

Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, varaformaður Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, ritari

Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Mosfellsbæ, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Bjarklind Þór, Daði Freyr Þorgeirsson, Fanney Valsdóttir, Pjetur St. Arason og Sigrún Tryggvadóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð BÍL er Hörður Sigurðarson.

Stjórn hélt sex starfsfundi á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Eyjafirði og fjóra í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og þann síðasta hér í Vatnsholti. Fjarfundarbúnaður var notaður sem og hópsamskipti til að leysa úr ýmsum málefnum.

- I. Er stjórn, skólanefndarfólki og starfsráði þökkueð góð samvinna á árinu og Herði framkvæmdastjóra er einnig þakkað fyrir gott samstarf.

II. Starfsemi félaganna

Á síðasta ári sendu 30 félög inn styrkumsókn vegna leikársins 2024-2025, vegna 49 leiksýninga og leikþátta, 21 námskeiðs og 56 nemenda í Leiklistarskóla Bandalagsins sumarið 2023. (Einnig voru 4 höfundar í heimsókn). Styrkur var veittur vegna 49 leiksýninga- og þátta og 19 námskeiða. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 415.549 kr. Ársritið okkar inniheldur allar frekari upplýsingar um starfsemina. Tölur um umfang starfsins á þessu leikári liggja ekki fyrir, en það hefur verið mjög kraftmikið. Aðildarfélög Bandalagsins voru í vor 42 talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í maí 2024 var að venju samþykkt starfsáætlun og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnnum. Þessi setning helst óbreytt inni að venju og mikið sem það væri gott að geta sleppt henni.

Vefurinn okkar leiklist.is er gott stjórnæki fyrir okkur og nýtist félögum vel fyrir almennan fréttáflutning af starfseminni ásamt því að halda utan um umjónarkerfið fyrir styrkumsóknir og aðrar umsóknir, leikhúsbúðin vel aðgengileg, upplýsingagjöf, fundargerðir ásamt skjalavörslu fyrir stjórn og nefndir og margt fleira. Það hefur ekki breyst að brýnt er að endurskrifa Leikritasafnið og auka notkunarmöguleika þess. Sú vinna krefst fjármagns þannig að hægt sé að fara í þær breytingar. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að fá styrk til þeirrar vinnu undanfarin ár en án árangurs enn sem komið er.

Um skólann góða munu skólastýri flytja skýrslu hér á eftir.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Gerður hefur verið 3ja ára samningur við Menningarráðuneytið sem tók gildi síðast liðin áramót. Framlag til Þjónustumiðstöðvar var hækkað í 8 milljónir á ári (var 6,5 milljón og verið að meðaltali síðan 2019).

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna árið 2024 var 17 milljónir kr. og hefur það lækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Framundan er svo enn frekari niðurskurður á næstu árum.

Styrkurinn lækkar samkvæmt fjárlagaáætlun næstu árin og er þar gert ráð fyrir að hann fari niður í 15.8 milljónir núna árið 2025 og í 14.7 milljónir árið 2026.

Styrkurinn í ár (15.8 milljónir) er í krónutölu lægri en hann var árið 2007 (17.2 milljónir) sem segir mikla sögu. Uppreiknuð væri styrkupp hæðin frá 2007 í kringum 50 milljónir í dag.

Í samtölum við ráðherra síðastliðin ár hefur verið sagt að ekki væri svigrúm til hækkunar en "oftast" talað um að skoða okkar mál en lítið sem ekkert komið út úr því.

Starfsráð vann hörðum höndum að senda og ræða við nefndarmenn í Fjárlaganefnd síðast liðið haust og eins voru félögin virkjuð fyrir kosningar að senda staðlaðar spurningar á frambjóðendum allra flokka. Þessi vinna skilaði sér m.a. í því að fjárlaganefnd samþykkti 20 milljón kr. tímabundið framlag til starfsemi áhugaleikfélaga. Við krossuðum putta um að ríkisstjórnarskipti myndu ekki blása þetta út af borðinu og núna er komið á daginn að ný ríkisstjórn ætla að standa við þetta og munum við ræða þetta mál hér síðar á fundinum.

Sérverkefni

Skipa starfsráð sem, hefur þann tilgang að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.

Starfsráð var skipað og er skipað þeim Bernharði Arnarsyni, Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Magnþóru Kristjánsdóttur og Axeli Vatnsdal.

Starfsráð mun flytja skýrslu hér á eftir.

Halda upp á 75 ára afmæli Bandalagsins með veglegum hætti. Margar góðar hugmyndir komu fram í hópastarfi á síðasta aðalfundi og hafa verið ræddar á fundum stjórnar en af ýmsum orsökum ekki komist í framkvæmd. Meðal skýringa er að ekki er mikið svigrúm fjárhagslega og einnig fór töluverð vinna og

tími í haust í vinnu með starfsráði til að þrýsta á Fjárlaganefnd og skipulagning herferðar til að þrýsta á frambjóðendur fyrir alþingiskosningar.

Halda vinnustofu í markaðsmálum og stjórn leikfélaga. Við höldum vinnustofu hér í gær undir þessum formerkjum og þökkum við þeim sem komu að þeirri vinnu og gestum fyrir þeirra framlag.

IV. Önnur mál

Athyglisverðasta sýning ársins var valin af Þjóðleikhúsinu og var það Litli Leikklúbburinn sem að hlaut þann heiður með sýningunni Fiðlarinn á Þakinu og var hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins í júní.

Aðalfundur NEATA var haldinn í Lillehammer í Noregi 14. – 15. september 2024 í tengslum við Teaterdagerne sem er árleg leiklistarhátíð NATF Norsk Amatørteaterforbund (<https://natf.no>). Framkvæmdastjóri fór á þann fund sem fulltrúi okkar. Vefur NEATA er neata.eu. Næsti aðalfundur NEATA verður í ágúst núna á þessu ári í Mónakó í tengslum við þing Alþjóðaárhugaleikhússráðsins. Við erum því miður án fulltrúa í NEATA Youth og langar mig til að biðja ykkur um að koma áleiðis til okkar í stjórn ef að þið hafið tillögu um einhvern áhugasaman á aldrinum 17-25 ára sem gæti fyllt þetta skarð.

Framkvæmdastjóri fór á fund hjá umboðskrifstofunni Nordiska, þann 7. júní á síðasta ári. Þetta er annar fundurinn sem haldinn er fyrir tengla þeirra á öllum Norðurlöndunum og er áætlað að hafa hann árlega til að fara yfir breytingar og hin ýmsu mál sem viðkoma leyfisveitingum. Nordiska er mikilvægasti tengill okkar í réttindamálum og tekjur af samstarfi við þá hafa farið vaxandi undanfarin ár.

Stjórn hefur óskað eftir fundi með Loga Einarssyni nýjum ráðherra sem fer með okkar mál en við höfum ekki enn fengið fundartíma með honum. Nýr tengiliður okkar í ráðuneytinu er Marta Norðdal.

Sviðslistastefna – Árið 2023 á fundi með Lilju Alfreðsdóttur var meðal annars viðruð sú hugmynd að BÍL myndi deila húsnæði með Sviðslistamiðstöð, en ekkert hefur gerst síðan þá í þeim málum. Hinsvegar fengum við send drög til umsagnar varðandi nýja sviðslistastefnu. Drögin bárust á fimmtudegi og var kallað eftir athugasemdum fyrir mánudag.

Drögin reyndust jaðra við móðgun við árhugaleikhússtarfið þar sem aðeins einu sinni var minnst á árhugaleiklist í þeim og þá aðeins í framhjálaupi í tengslum við grasrótarstarf almennt. Framkvæmdastjóri fékk drögin í hendur þar sem hann sat á Flugstöð Leifs Eiríkssonar á leið á fund NEATA í Noregi og sendi svar þar sem vonbrigðum og óánægju okkar með drögin var komið á framfæri sem og sá örstutti frestur sem gefinn var til að bregðast við.

Hvað varðar húsnæði sem að við erum í að Kleppsmýrarvegi 8 þá er miklum framkvæmdum sem verið hafa í gangi senn að ljúka. Þar eru risin háhýsin allt í kring og hefur verið mikið ónæði af framkvæmdum. Eins og áður hefur komið fram á síðustu fundum er Reykjavíkurborg að reyna að kaupa húsið en ekki hafa enn náðst samningar við eigendur og lítið hreyfst í nokkur ár. Nú berast þær fréttir hinsvegar að Borgin sé farin að sýna samningsvilja þannig að mögulega fer einhver skriður að komast á þau mál. Við getum ekki annað gert en beðið átekta.

Þetta hefur verið gott ár og leiklistarstarfsemi um land allt verið með öflugasta móti. Ánægjulegt hefur verið að sjá félög sem að ekki hafa verið virk í mislangan tíma, vakna til lífsins og eins ný félög stofnuð. Því ber að fagna og vona að það sé til langframa. Við þurfum að styrkja hvert annað og stjórn og framkvæmdastjóri eru alltaf tilbúin til að tala við félögin og vera til aðstoðar. Rennið í þjónustumiðstöðina okkar í Reykjavík eða kíkið á vefinn, verið dugleg að senda inn fréttir og tilkynningar þannig að aðrir geti fylgst með hvað verið er að gera um allt land.

Ég óska þess að komandi starfsár okkar verði fullt af leiklist, viðburðum og mikilli gleði út um allt land.”

Fundarstjóri þakkar Ólöfu fyrir góða skýrslu og býður Herði að leggja fram og kynna ársreikning Bandalags íslenskra leikfélaga.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Hörður dreyfir ársreikningum og kynnir þá.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Ormur kveður sér hljóðs og spyr hvort Bandalagið hafi hugsað um að skipta um greiðsluþjónustuaðila frá Rapyd yfir í eitthvað annað vegna yfirlýsinga forstjóra þeirra vegna ástandisins á Gaza.

Hjördís spyr um aðra styrki til Bandalagsins og hvað falli undir það og afhverju það sé svona mikill munur á milli ára.

Guðfinna spyr hvort hægt sé að samþykkja ársreikning þar sem eintaki sem var dreyft var ekki undirritað af stjórn.

Hörður svara því að hann hafi ekki íhugað að skipta frá Rapyd, hann skipti sér ekki af pólitík heldur hugsi bara um að reka þjónustumiðstöð á sem bestann hátt.

Aðrir styrkir upp á ca. 30 þúsund eru vegna sölu varnings sem er merktur Bandalagi og leiklistarskóla Bandalagsins.

Hörður svarar því að stjórn hafi undirritað reikninga þó það hafa ekki komið fram í eintaki sem sent var út með fundargögnum.

Fundarstjóri kallar eftir samþykkt reikninga sem eru samþykktir samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Skýrsla skólanefndar

Elli les skýrslu Skólanefndar.

“Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL í Vatnsholti 3. maí 2025

Á liðnu starfsári sátu í skólanefnd F. Elli Hafliðason formaður, Jónheiður Ísleifsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Hrefna Friðriksdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdastjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólinn var haldinn að Reykjum í Hrútafirði sumarið 2024 og boðið var upp á fjögur námskeið:

1. Leiklist I - Kennari Ágústa Skúladóttir.

2. Leikritun I - Kennari Karl Ágúst Úlfsson.

3. Leikstjórn IV - Kennari Jenný Lára Arnórsdóttir sem lokaði leikstjórnarhringnum sem hún og Vala Fannel systir hennar hófu árið 2021

4. Sérnámskeið fyrir leikara - Kennari Rúnar Guðbrandsson.

Allt voru þetta reyndir kennarar, sumir hafa kennt við skólann reglulega í yfir 20 ár!

Nemendur voru alls 52 og benti viðhorfskönnun almennt til mikillar ánægju með skólastarfið. Við erum sérstaklega ánægð með að viðhalda tengslum við þrautreynda kennara sem eru svo ánægðir með skólann að þeir koma aftur og aftur. Auk nemenda voru 4 höfundar í heimsókn.

Bæði var fjöldi nemenda og heildarfjöldi þeirra sem sóttu skólann metfjöldi, en með allri áhöfn á vegum Bandalagsins voru þetta 60 einstaklingar. Það er líka gaman frá því að segja að það færist í aukana að afkomendur komi í skólann með foreldri sem hefur áður komið í skólann. Alls voru 4 einstaklingar sem mættu ásamt foreldri þetta árið og því er skólinn orðinn mjög öflugt sprotaverkefni.

Samstarf við UMFÍ gekk áfram afar vel, nú var fleira starfsfólk til staðar og aðstaða batnar með hverju árinu. Hlökkum við til áframhaldandi samstarfs við ungmennafélagið.

Við fengum óvenjulega gesti í heimsókn í skólann síðasta sumar. Fjögurra manna tökulið frá RÚV var með okkur nær allan tímann til að taka upp efni fyrir heimildamynd um áhugaleikfélög á Íslandi undir forystu Önnu Maríu Hjálmarasdóttur. Féllu þau vel inn í umhverfið og tókst heimsóknin afar vel, vonum við að útkoman skili góðri kynningu á starfi skólans og áhugleikhúsunum.

Skólanefnd kannaði möguleika á að halda förðunarnámskeið í febrúar 2025 eftir áskoranir um slíkt námskeið. Ekki tókst þó að finna tímasetningu og aðstöðu við hæfi í vetur en búið er að vinna undirbúningsvinnu og því mun nefndin taka málið aftur upp í haust.

Árið 2025 er skólinn ráðgerður frá 21.-29. júní. Boðið er upp á þrjú námskeið:

Leiklist II - Kennari er Ágústa Skúladóttir. Skráðir eru 18 nemendur og eru nokkrir á biðlista.

Leikritun II - Kennari er Karl Ágúst Úlfsson. Skráðir eru 15 nemendur.

Sérnámskeið fyrir leikara, trúðanámskeið - Kennari er Gríma Kristjánsdóttir, sem er að kenna hjá okkur í fyrsta sinn. Skráðir eru 15 nemendur.

Þá hafa 2 skráð sig sem höfunda í heimsókn, enn eru 2 laus pláss fyrir höfunda í heimsókn.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýjan kennara og þá sem hafa verið með okkur áður. Hlökkum mikið til að njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!”

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu skólanefndar. Hún segir frá því hversu lánsöm hún var að vera ásamt Gunnhildi fyrsta skólastýra Bandalagsskólans fyrir 27 árum síðan.

Engin biður um orðið þannig að fundarstjóri býður Herði og Sigríði Láru að fjalla um vinnu starfsráðs á liðnu ári.

Ákveðið var í fyrra að taka þá vinnu að óska eftir auknum framlögum frá hinu opinbera alvarlegar og að taka upp umræðu um hversu mikið lýðheilsu mál það er að hafa starfandi leikfélög um allt land við stjórnvöld. Magnþóra Kristjánsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Bernharð Arnarson og Axel Vatnsdal voru skipuð í starfsráð til að sinna þessari vinnu. Þau könnuðu hverjir voru í fjárlaganefnd og höfðu samband við þá aðlia en þegar fjárlög voru samþykkt var starfstjórn við völd þannig að það var óvissa um hvort nefndarálit um að hækka styrk til áhugaleikfélaganna tímabundið um 20 milljónir yrði að veruleika. Við finnum að áhugaleikfélögin koma sprúðlandi undan Covid og að það er mikil endurnýjum í hópnum

þannig að okkur rennur blóðið til skyldunnar að halda áfram vinnunni til að fá hækkun eða leiðréttingu til frambúðar þannig að við getum búið við öryggi. Hörður skorar á alla að hafa samband við þá sem þeir þekkja og halda þessari umræðu á lofti. Þegar Sigga Lára kom fyrst á Bandalagsþing þá nam fullur styrkur fyrir sýngu um það bil leikstjóralaunum og sveitarfélögin voru skuldbundin að styrkja um sömu upphæð og styrkirnir per sýningu. Við þurfum alls ekki að skammast okkar fyrir að krefjast þess að styrkur til áhugaleikfélaganna verði 50 milljónir á ári því það sé dropi í hafið miðað við menningarlegt gildi áhugaleikfélagahreyfingarinnar.

Fundarstjóri opnar umræður um um skýrslur nefnda.

Benóný spyr hvort til sé tölfræði um hversu margir starfa í leikfélögum og hversu margir áhorfendur koma á sýningar.

Hörður svarar því að hann safni tölfræði í gegnum skýrslur stjórna og styrkumsóknir sem hann fær á hverju ári og því sé þessi tölfræði til þó skráningu félaga sé stundum ábótavant og Sigríður Lára bætir við að það sé einnig til tölfræði aftur í tímann.

Fundarstjóri býður fulltrúar frá leikfélagi Eyrbakka kynna sig, sem þau gera.

Hörður biður um orðið og fer yfir þátttakendalista því einhver nöfn hafa bæst við og breyst síðan hann var prentaður út.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Sigrún Tryggvadóttir biður um orðið og segist ætla að skipta í umræðuhópa um starfsáætlun áður en við tökum hlé og einnig nefnir hún hver er hópstjóri í hverjum hóp og telur svo í 6 hópa.

Þegar því er lokið stingur fundarstjóri upp á fundarhléi í 15 mínútur og biður alla að mæta aftur í salinn eftir hlé.

HLÉ 10:35-10:50

Fundarstjóri þakkar fyrir stundvísi og hefur fund á ný.

Hörður biður um orðið og biður fólk um að gera upp gistingu í móttöku og segist senda reikning fyrir mat og fundargjaldi á leikfélögin. Hann biður þá sem eru á fundinum án tengsla við ákveðið leikfélag að láta sig vita.

Fundarstjóri býður Sigríði Láru að kynna stöðuna í stjórnarframboðum sem hún og gerir. Ólöf Þórðardóttir gefur kost á sér til áframhaldandi formanns. Gísli Björn Heimisson gefur ekki kost á sér áfram í aðalstjórn.

Fanney Valsdóttir og Bjarklind Þór gefa kost á sér áfram. Ef Sigrún verður kosin í aðalstjórn vantar því einn í varastjórn.

Sigríður Lára óskar því eftir framboðum í stjórn og varastjórn. Einnig vantar framboð í varamann í kjörnefnd og einn skoðunarmaður reikninga hefur beðið sig frá því og því vantar í það. Hún hvetur fólk til að koma að máli við sig ef það hyggur á framboð.

Sigrún kynnir hvaða rýmum hópum hefur verið úthlutað fyrir hópastarf.

Ólöf kynnir starfsáætlun Bandalagsins. Starfsáætlun er nánast óbreytt frá fyrra ári og einnig segir hún að starfshópar hafi fengið úthlutunarreglur ríkisstyrks og biður hópana um að ræða þær og koma með tillögur að breytingum. Hörður minnst einnig á að hann sé með nokkrar breytingatillögur sem stjórn hefur rætt á blaði sem hópar geta tekið mynd af.

Drög að starfsáætlun

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Skipa starfsráð sem, hefur þann tilgang að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.
2. Halda upp á 75 ára afmæli Bandalagsins með veglegum hætti.

Sigrún tilkynnir rými fyrir hvern hóp til að ræða starfsáætlun.

Hópar taka til starfa og tilkynna hópar niðurstöður sínar eftir matarhlé sem verður milli kl 12-13.

Stjórnarmeðlimir og skólastýri ganga á milli og svara spurningum og taka þátt í umræðum.

MATARHLÉ 12:00-13:00

Hópar vinna áfram í 30 mínútur eftir hádegismat og koma svo aftur í sal kl 13:30

Þegar hópar hafa skilað sér aftur í salinn færir fundarstjóri fundinum kærar kveðjur frá Vilborgu fyrrverandi framkvæmdarstjóra Bandalagsins og býður svo hópstjórum að kynna niðurstöður hópa.

Hópar kynna niðurstöður

Hópur 1

Hópstjóri: Jóhanna (Freyvangsleikhúsið)

Meðlimir:

Ormur Leikfélag Hörgdæla
Birgitta Leikfélag Kópavogs
Brynja Leikfélag Keflavíkur
Sævar Leikfélag Hveragerðis
Didda Halaleikhópurinn
Erla Leikfélag Blöndós
Álfrún Leikfélag Eyrarbakka

Rætt var um Leiklistastarfsemi/skapandileiklist fyrir jaðarhópa.

Taka Halaleikhópinn til fyrirmyndar

Bíl 75 ára - Hugmyndir

- Kynningarpóster/myndband fyrir Bíl sem allir geta deilt.
- Fá atvinnufólk í greininni til liðs við okkur til að kynna Bíl.
- Markaðsteymi fyrir Bíl

- Kynningarefni frá hverju félagi fyrir sig.
- Kynningarefni fyrir framhaldsskólana

Leiklistahátíð til styrktar BÍL

- Öll leikfélögin.
- Aftur fá atvinnufólk með.

Námskeið fyrir landsbyggðina, mættu vera onlæn námskeið.

Allir að halda utanum sögu síns leikfélags og skila til héraðskjallasafna.

Síða til að sækja um styrki skapa.is

Almannaeillaskrá

Hópur 2

Hópstjóri: Eva Leikfélagi Blönduós

Meðlimir:

Halla, Guðný, Eva, Birgitta, Sigga, Katrín, Anna Margrét, Kjartan, Siggi og Óðinn

Starfsáætlun

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

a) Rætt um staðsetningu á þjónustumiðstöðinni. Flestum finnst staðsetningin ekki góð, og væri kjörið að finna betra húsnæði eins og t.d. í Sviðslistamiðstöðinni eins og fram kom í máli framkvæmdastjóra í gær. Rætt um hvort að skjöl leikrita safnsins séu geymd á viðeigandi hátt.

b) Það er augljóst að þarf þurfi uppfærslu á vef Bandalagsins og betra aðgengi, ásamt meiri sýnileika. Sumum þykir erfitt að finna upplýsingar á vefnum þar sem klikkin eru svo mörg. Rætt hversu flókin yfirfærsla yrði í að opna nýjan vef.

c) Leiklistarskólinn - rætt um hvort möguleiki sé að hafa styrk til öryrkja sem eiga ekki rétt á því að sækja um niðurgreiðslu í stéttarfélagi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Vantar aukna umfjöllun um bága stöðu áhugaleikfélaga og hvað er hægt að gera í því. Vantar taktíska leið til að halda á lofti. Spurning með að stofna "áróðurs" nefnd á öllum aldri sem heldur utan um markvissa vinnu í að koma málum Bandalagsins til eyrna ríkisstjórnarinnar. Mögulega að gera stutt tiktök og vera með fjölbreytta markaðssetningu til að ná til sem flestra.

Köllum eftir því að stjórn BÍL sendi frá sér ályktun um stöðuna og sendi fréttir af þessu þingi. Mikil umræða um hversu mikilvægt lýðheilsuverkefni áhugaleikfélögin eru, og að það ætti að vera fókuspunktur fyrir umræðuna í kringum mikilvægi leikfélaganna og fjármögnun.

3. Sérverkefni

1. Ánægja með starfsráðið

2. Afmæli Bandalagsins - Er hægt að halda afmælið á einhverjum degi í BÍL skólanum í sumar eða er mögulega akkur að halda afmælis Hausthátíð með einhverju skemmtilegu ívafi
3. Væri til í að sjá fræðsluáætlun Bandalagsins. Hægt að kalla eftir áhugasömum úr hópum félaganna til að halda örnámskeið (40 mín t.d.) á TEAMS eða ZOOM eða svipuðu. Eitthvað til að miðla áfram allskonar reynslu og þekkingu á milli félaga.

Úthlutunarreglur

- Leggjum til að hækka styrkinn til nemenda BÍL skólans upp í 10.000 krónur.
- Leggjum til að hækka styrkinn á hvern nemenda á námskeiðum félagsins í 15.000 og 25.000 kr.
- Leggjum til að fækka tímafjöldann á styrkhæfum námskeiðum úr 18 klst og í 16 klst og 36 klst í 32 klst

Hópur 3

Hópstjóri: Ingvaldur Lára Leikfélag Kópavogs

Meðlimir: Hjördís, Elín, Sara, María, Birna, Elísa, Örn. (Ingberg, aðalsprautan)

1. Úthlutunarreglur

- **Liður A og B verði óbreytt.**
- **C liður:**
 - Tillaga um að tvöfalda námskeiðgjald. Hækka styrki vegna námskeiða. Samþykkt að tvöfalda námskeið 18-35. klst í 20þ. og 36. klst og yfir 40þ.
 - En hækka styrk vegna skólans upp í 15.000 kr. Hópurinn telur að hækka mætti styrk vegna skólans enn meir í framtíðinni.
 - Annars engar frekari tillögur að breytingum á úthlutunarreglum.

2. Starfsáætlun

Fastir liðir – Engar breytingar.

Sérverkefni -

Vegna 75 ára afmælis. Sýna frá starfi áhugaleikfélaga t.d. á propsi og fl Hafa málþing og hafa leiklistarhátíð. Útihátíð í anda reunion hjá Leikf. Sýnir. Styrkja málstaðinn í leiðinni með sýnileikanum.

Starfsráð haldi áfram. Halda áfram að leggja áherslu á þetta er líka lýðheilsumál, ekki bara menningarmál.

Vera með námskeið í stjórnun leikfélaga, t..d. framleiðslustjóra uppsetningar, kynningarstjórn, öryggismál, gjaldkeri, hlutverk stjórnarmanna. Útbúa handbækur fyrir stjórnir félaga. Netnámskeið á vegum BÍL sem fulltrúar allra leikfélaga geta sótt, mögulega líka námskeið (s.s. framleiðslu- og markaðsstjórnun) fyrir hinn almenna félagsmann í skólanum.

Námskeið sem Fíffi kynnti í gær geta verið dýr fyrir leikfélögin en mjög áhugaverð fyrir marga.

BÍL beiti sér fyrir því að verklag hjá Þjóðleikhúsi vegna athyglisverðustu áhugaleiksýningarinnar verði skilgreint og staðlað svo leikfélögin upplifi sig ekki sem aukahluti þegar þau koma og viti að hverju þau geta gengið og fái góðan stuðning Þjóðleikhússins við þessar uppsetningar, enda mjög mikilvægar fyrir viðkomandi

leikfélög.

Ritari Örn A.

Hópur 4

Hópstjóri: Magnþóra

Meðlimir: Óli, Sibba, Eiríkur, Ellen, Anna María, Kristín

Starfsáætlun

1. Hrós til framkvæmdastjóra fyrir góðan rekstur og utanumhald. Þjónustumiðstöðin er okkur mikilvæg. Áhugavert hvað aðrir en áhugaleikfélög nota þjónustuna mikið og okkur finnst að það þurfi að segja frá því t.d. í eyru fólksins sem yfir öllu ræður. Ef ekki væri fyrir þjónustumiðstöðina gætu þessir aðilar lent í vanda varðandi ýmis mál. Brýnt að laga vefinn, gera hann notendavænni. Hann skilar sínu eins og hann er en er mögulega of flókinn fyrir óvana notendur. Skiljum samt vel að það er ekki einfalt vegna kostnaðar.

Skólinn er frábær! Allir eiga að prófa hann einhvern tíma. Skólastýrin standa sig mjög vel.

Ánægjulegt að sjá hve mörg félög eiga fulltrúa á þinginu. Enn ánægjulegra að engin félög skráðu sig úr BÍL. Áhugaleiklistin blómstrar sem aldrei fyrr.

2. Fá menntaða leikara sem hófu ferilinn í áhugaleikfélagi til að tjá sig á samfélagsmiðlum og víðar um reynsluna og ræturnar. Gæti verið góð leið til að kynna starfsemina fyrir stjórnvöldum. Starfsráð haldi áfram að herja á pólitíkusa. Greinilegt að vinnan skilað sér en betur má ef duga skal. Allt Bandalagsfólk þarf að nota sín sambönd og ræða um mikilvægi starfseminnar og að styrkir verði að hækka.

Sérverkefni

1. Áfram starfsráð - greinilega gagn af þessari vinnu. Halda áfram að böggja fjárlaganefndina og herja fram leiðréttingu.
2. Afmæli - Stuttverkamaráðon, húllumhæ og bjóða fjölmiðlum, forsetanum og þingmönnum. Samstarf við stóru leikhúsin með staðsetningu. Opnunaratriði þar sem leikfélögin gætu starfað saman við uppsetningu. Setja upp parta úr sýningum leikársins. Okkur þætti skynsamlegt að skipa afmælisstarfshóp.
3. Ágætir fyrirlestrar í gær þó ekki hafi verið farið mjög djúpt í málin. Endilega halda svona oft. Mögulega þörf á heildstæðu námskeiði í stjórn og markaðsmálum þar sem fólk lærir á þau tæki og tól sem hægt er að nota til að stýra og kynna félögin.

Úthlutunarreglur

A. Halda óbreyttu.

B.

1. Halda óbreyttu

2. Það þarf kannski að vera skýrara hvað telst vera sérstakt frumkvæði. Kannski er það ógerlegt. Annars bara fínt.
- C. Viljum að styrkir verði tvöfaldaðir. Breyta tímalengd í lið 1 í 16-35 klst. svo möguleiki sé á að fá styrk fyrir helgarnámskeið.

Skýringar á lið A:

Ekki breyta neinu varðandi samsettar dagskrár. Það má skoða hvaða kröfur eru gerðar vegna verkefna í samstarfi við aðra. Hvað þarf til þess að hljóta styrk fyrir samstarfsverkefni?

Halda sig við einn miðil til að skila myndböndum. Nota annað hvort Vimeo eða Youtube, ekki bæði.

Hópur 5

Hópstjóri: Guðfinna

Meðlimir: Í hópnum voru auk hópstjóra, Sesselja, Brigitta Brynjars, Herdís, Sigríður Þórunn, Jökull, Margrét Steinunn.

Hópurinn byrjaði á að tala um úthlutunarreglur

Rætt var um kostnað vegna upptaka á leiksýningum. Mismunandi eftir félögum hvort um kostnað sé að ræða. Spurt hvort hægt sé að fá aukastyrk vegna þessa.

Rætt um styrk vegna nemenda sem fara í BÍL – skólann, sem er í dag kr. 5000. Það er of lítið og ekki hvetjandi. Annað hvort er þessu sleppt eða upphæðin hækkuð upp í kr. 15.000.

Rætt um styrki fyrir námskeið:

- Námskeið 1. (18-35 klst) 10.000. Leggjum til að klukkustundaviðmið verði lækkað niður í 8/10 klst – mögulega hægt að hafa 10-30 klst og upphæð hækkuð upp í 40.000 kr.
- Námskeið 2 (36-67 klst) 20.000. Leggjum til að klukkustundaviðmið verði 31-67 klst og upphæð hækkuð upp í 60.000 kr.

Rætt um frumkvæðisálag á sýningar. Mætti skýra betur hvað í því felst og útskýra/gefa dæmi um rökstuðning. Vangaveltur um skiptinguna á þessu prósentuhlutfalli.

Rætt um greiðslu fyrir sýningar í fullri lengd og svo hvort að sanngjarnt sé að hægt sé að safna upp styrk fyrir mörg minni verk – hópurinn ekki sammála. Ein hugmynd að lækka prósetnuhlutfall fyrir verk sem eru styttri en 15 mínútur – hópur ekki sammála um það heldur.

Starfsáætlun

Ánægju lýst með starfsráð og hugmyndir á starfsáætlun.

Lagt til að halda frekar með stórum hætti upp á 80 ára afmælið (leiklistarhátíð?) og byrja strax undirbúning. Mögulega mætti taka frá fjárhæð af 20 milljóna framlaginu til þessa.

Varðandi 20 milljóna aukastyrk, leggjum við til að upphæðinni verði dreift á fleiri ár til að jafna út. Jafnframt að helmini upphæðarinnar verði varið til þjónustumiðstöðvar og geymt á milli ára þar sem óvissa ríkir um fjárframlög í næsta samningi. Verði um hækkanir að ræða í næsta þjónustusamningi geti geymd upphæð runnið aftur inn í verkefnastyrk.

Tillaga: 6 milljónir á þessu ári í verkefnastyrk, 6 milljónir árið 2026 í verkefnastyrk. 2 milljónir á þessu ári til þjónustumiðstöðvar, 2 milljónir árið 2026 til þjónustumiðstöðvar, 2 milljónir árið 2027 til þjónustumiðstöðvar og 2 milljónir árið 2028 til þjónustumiðstöðvar.

Svo var miklum tíma eytt í að ræða stöðu hvers félags fyrir sig í hópnum eins og vera ber og mjög gott samtal um aðstöðu, samtal við sveitarfélög, fjármál og margt fleira.

Mögulega mætti taka 1 milljón í 80 ára afmæli.

Hópur 6

Hópstjóri: Úlfhildur Örnólfsdóttir

Meðlimir: Arnar Gauti, Davíð hver, Bryndís vest, Sigrún self, Brynhildur mosó, Benóny húsavík, Hanna fjallabyggð.

1. Kynna betur þjónustumiðstöðina, fara í kynningar átak með stuttum myndböndum.
2. Leiklistarvefurinn – Mætti uppfæra, kanna samnorrænna styrki, kanna hvort sé hægt að fara í samstarf við forritunarskólana í sambandi við leikritasafnið.
3. Styrkir – félögin vinni saman í að grafa upp hvar er hægt að ná í styrki þó þeir séu lágir og afslætti og deila sína á milli.
4. 75 ára afmæli Bandalagsins
 - a. Skipa afmælisnefnd
 - b. Skipuleggja farand stuttverkahátíð
5. Í framhaldi af vinnustofum hefði verði sniðugt að skipta í umræðuhópa.
6. Úthlutunarreglur – fá betri kynningu / skýra hvað fellur undir sérstakt frumkvæði.
7. Varðandi styrki fyrir námskeið – breyta tímamörkum í 16-31 og 32 tímar og yfir og tvöfalda styrkinn í skólann.

Hópur sex er síðasti hópurinn til að kynna sínar niðurstöður og fundarstjóri býður kjörnefnd að taka við næsta lið.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. einum aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Sigríður Lára kynnir þau framboð sem eru komin.

Framboð til formanns

- Ólöf Þórðardóttir gefur kost á sér áfram.

Framboð til meðstjórnanda til tveggja ára

- Sigrún Tryggvadóttir

Kosið verður um þrjú sæti í varastjórn og komið hafa fram fjögur framboð.

- Bjarklind Þór
- Fanney Valsdóttir
- Hjördís Berglind
- Úlfhildur Örnólfsdóttir

Fundarstjóri stingur upp á að taka 15 mínútna hlé

HLÉ 14:30-14:45

Umræður um niðurstöður hópastarf.

Hörður kveður sér hljóðs og vill nefna nokkur atriði. Hann þakkar Elínu fyrir ábendingar varðandi upplifun þeirra af því að fara með Athyglisverðustu áhugaleiksýninguna 2024 í Þjóðleikhúsið og munu þau ræða við Völu í kvöld. Núna eiga allir að nota Vimeo til að skila inn myndböndum fyrir styrkveitingu. Vegna umræðu um styrk til upptöku leiksýninga þá minnst hann á að gæði upptaka fyrir styrkveitinga þurf ekki að vera mikil og hægt sé að nota snjallsíma til verksins og því þurfi ekki styrk fyrir því.

Sigga Lára talar um kynningarmyndbönd fyrir þá sem eru nýjir í stjórn leikfélaga – um aldamótin voru haldnar hátíðir á Akureyri – hægt væri að stefna að því að halda NEATA hátíð í sambandi við 80 ára afmæli Bandalagsins.

Ólöf var í nefndinni sem hélt hátíðina 2010 og talar um hversu gaman það er þó það hafi verið mikil vinna. Hún þakkar hópunum fyrir starf sitt og umræður og talar um að það hafi skinið í gegn að við séum á sömu línu þó við gerum hlutina mismunandi og séu ekki alltaf sammála. Hún stingur upp á því að hvert félag geri stutt kynningarmyndband og fái úthlutað degi þar sem við deilum þessu myndbandi. Hún ræðir einnig um húsnæðismál. Húsnæðið sem við erum í núna hentar vel og er ekki of stórt en við þurfum að huga að húsnæðismálum. Athyglisverðasta áhugaleiksýning – um að gera að skoða. Ráðamenn eru æstir í að sýna sig og hægt væri að hamra það járn. Hægt væri að gera handbækur og setja á netið. Talar um tillögu frá hóp sex sem talaði um að félög á svipuðum stað tæku sig saman en einnig væri mjög sniðugt að gera

Sigrún er sammála um að sniðugt væri að stofna nefnd fyrir afmælishátíð á 80 ára afmæli BÍL og einnig ef stjórn býr til ramma fyrir stutt myndbönd frá leikfélögunum þá væri gaman að taka líka myndbönd af fólki sem tengist félögunum og hefur gert leikhúsið að atvinnu sinni.

Ella finnst frábær hugmynd að stofna styrki fyrir öryrkja til að sækja skólann. Hann talar einnig um þá hugmynd að halda afmæli BÍL í skólanum og að það henti skólastarfinu ekki vel þar sem erfitt er að finna því pláss í dagskránni og einnig myndast sérstök stemning í skólanum. Hann talar einnig um að hugmyndin um netnámskeið og sniðugt væri að leikfélögin byggju til erindi sem hægt væri að halda fyrir hin leikfélögin í gegnum fjarfundabúnað. Honum finnst handbók um stjórnun leikfélaga góð hugmynd og einnig væri sniðugt að beina til leikstjórnarfélagsins upp færslu á handbók leikstjóra. Endilega nýta tengsl sem við höfum við fólk sem kemur úr grasrótinni til kynningar.

Sigríður talar um áróðursnefnd. Oft koma hugmyndir um allskonar á aðalfundi en svo er engin eftirfylgni og þess vegna væri sniðugt að skipa nefnd sem getur búið til ramma fyrir kynningarvinnu. Einnig væri gott að búa til vettvang þar sem við getum deilt efni á milli leikfélaga.

Ingberg er með hugmynd að fjáröflun fyrir Bandalagið. Leikfélögin gætu tekið frá síðu í leikskrá þar sem Bandalagið „ætti“ og gæti selt auglýsingar á fyrir stærri fyrirtækja.

Fundarstjóri þakkar fyrir umræður og heldur áfram í næsta lið

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar hafa borist þannig að haldið er áfram í næst lið.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf leggur fram áframhaldandi tillögu um húsnæðissjóðs og heimildir til stjórnar varðandi hann.

Tillaga lögð fram af stjórn BÍL á aðalfundi 2025 í Vatnsholti

“Aðalfundur BÍL gefur stjórn heimild til kaupa eða leigu á húsnæði ef aðstæður krefjast, þar sem óvissa er um framhald leigu í núverandi húsnæði. Jafnframt er veitt heimild til lántöku ef hentugt húsnæði finnst til kaupa. Ef stjórn afræður að kaupa húsnæði, skal svo fljótt sem auðið er boða til félagsfundar Bandalagsins og atkvæðagreiðslu um kaupin. Til að auðvelda og flýta ákvarðanatöku skal félögum standa til boða að taka þátt í fundinum á vefnum og greiða þar atkvæði. Umboð þetta gildir til næsta aðalfundar BÍL árið 2026.”

Ólöf útskýrir húsnæðissjóðinn og að heimild væri aðeins gefin til eins árs í einu.

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum atkvæðum og lýsir eftir fleiri tillögum.

Höður ber upp tillögu stjórnar til nýtingar á tímabundnum auka styrk til leikfélaganna. Ekki þótti réttlátt að setja þessa upphæð ofan á verkefnastyrks ársins í ár svo leikfélög sem setja upp sýningar annað hvort ár myndu líka njóta góðs af þessum styrk.

„Tillaga stjórnar um nýtingu tímabundins styrks: 8 milljónir leggist við pottinn 2025. 8 milljónir geymdar hjá BÍL og leggist við pottinn 2026. 2 milljónir renni til BÍL 2025 til að standa straum af uppfærslum á Leiklistarvef og Leikritasafni og almennum rekstri Þjónustumiðstöðvar. 2 milljónir geymdar hjá BÍL til 2026 og renni til reksturs Þjónustumiðstöðvar eða leggist við pottinn 2026 eftir atvikum og fjárhagsstöðu.“

Fundarstjóri óskar eftir umræðum um tillöguna.

Guðfinna biður um orðið. Spyr um hver hugsunin sé á bakvið þessa skiptingu. Einnig talar hún um að erfiðara sé að fá hækkun á árlegu framlagi til Þjónustumiðstöðvar þannig að mögulega væri sniðugt að taka frá hærri upphæð til Þjónustumiðstövar til næstu ára og minnka auka upphæð til leikfélaganna.

Hörður talar um að þetta sé góð hugmynd og hægt sé að breyta tölunum þannig að tókum tvær milljónir í viðbót í rekstur Þjónustumiðstöðvar.

Elli talar um hvort við þurfum að taka eitthvað af þessum styrk í húsnæðissjóð ef það kæmi til þess að við þurfum að kaupa húsnæði.

Ólöf er ekki fylgjandi því að Bandalagið kaupi húsnæði heldur vill hún frekar að Bandalagið leigi húsnæði og tekur fram að við þurfum ekki mikið og þegar rætt var við Lilju Alfreðs þá var yfirlýstur vilji um að Bandalagið myndi fá húsnæði sér að kostnaðar lausu sem hluta af sviðslistamiðstöð.

Ólafur Þórðarson tekur undir með Ella um að peningarnir séu fljótir að fara í dýrara húsnæði og að mögulega þurfum við að taka frá meiri fjármuni í húsnæðissjóð.

Guðfinna biður aftur um orðið og er ósammála Ella og Ólafi og vill treysta því að við finnum lausnir þegar kemur að því að finna nýtt húsnæði.

Hörður kveður sér hljóðs og dregur fyrri tillögu til baka og setur fram nýja tillögu frá stjórn.

„Tillaga stjórnar um nýtingu tímabundins styrks: 7 milljónir leggist við pottinn 2025. 7 milljónir geymdar hjá BÍL og leggist við pottinn 2026. 2 milljónir renni til BÍL 2025 til að standa straum af uppfærslum á Leiklistarvef og Leikritasafni og almennum rekstri Þjónustumiðstöðvar. 2 milljónir geymdar hjá BÍL til

2026 og renni til reksturs Þjónustumiðstöðvar. 2 milljónir geymdar hjá BÍL til 2027 og renni til reksturs Þjónustumiðstöðvar.“

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða.

Örn kemur með tillögu til stjórnar um að stjórn hafi samband við Sviðslistamiðstöð og kanni möguleika á að þjónustumiðstöð BÍL fái húsnæði þar.

„Lagt er til að stjórn hafi samband við sviðslistamiðstöð og athugi með að fá aðstöðu þar.“

Ólöf talar um að það hafi ekkert að segja að hafa beint samband við Sviðslistamiðstöð með fyrirspurn með aðstöðu heldur þurfi að ræða þetta við ráðuneytið og það sé á dagskrá stjórnar að taka þetta upp á fundi með ráðherra.

Örn ber tillöguna til baka og ber upp nýja tillögu.

„Lagt er til að stjórn fylgi eftir að fá aðstöðu hjá Sviðslistamiðstöð við ráðherra á næsta fundi þeirra.“

Tillagan er borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Ólafur er sammála Sigríði um að góðar hugmyndir af aðalfundi komist stundum ekki til framkvæmdar og hann leggur því eftirfarandi tillögu fyrir fundinn.

„Aðalfundur BÍL hvetur stjórnir aðildarféлага sinna til að láta eftir auglýsingapláss í leikskrá komandi uppsetninga sem BÍL geti selt til fjáröflunar fyrir Bandalagið.“

Hann hvetur fundinn til að samþykkja þessa tillögu svo hún gleymist ekki.

Benóný bendir á að stór fyrirtæki séu nú þegar að auglýsa í leikskrá og því þurfi að stíga varlega til jarðar svo leikfélögin missi ekki spón úr aski sínum.

Hörður leggur til að tillagan verði felld því Bandalagið vanti ekki auglýsingapláss heldur vanti auglýsingar og að vinnan við að selja auglýsingar sé eftir

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún felld með öllum atkvæðum.

Fundarstjóri leggur til stutt hlé svo stjórn geti komið með tillögu að starfsáætlun fyrir næsta ár.

HLÉ 15:45-16:00

14. Starfsáætlun afgreidd.

Ólöf les upp tillögu stjórnar að starfsáætlun fyrir árið 2025-2026.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Framlengja skipan starfsráðs sem heldur áfram vinnu við að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.
2. Að stjórn skipi þriggja manna afmælisnefnd vegna 75 ára afmæls BÍL og vinna hún úr tillögum vinnuhópa á aðalfundi og skipuleggur viðburði vegna þess.

Fundarstjóri ber starfsáætlun upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum atkvæðum.

15. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri býður kjörnefnd að stýra stjórnarkjöri.

Sigríður Lára kynnir frambjóðendur og býður frambjóðendum að kynna sig.

Ólöf Þórðardóttir, sem er ein í framboði til formanns kynnir sig.

Sigríður Lára tilkynnir það að Ólöf sé hér með sjálfkjörin formaður Bandalags íslenskra leikfélaga. Fundurinn fagnar því með lófaklappi.

Sigríður Lára útskýrir að kjósa þurfi meðstjórnanda í aðalstjórn einn til tveggja ára. Aðeins ein er í framboði

- Sigrún Tryggvadóttir

Sigríður Lára tilkynnir það að Sigrún sé hér með sjálfkjörin í stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga. Fundurinn fagnar því með lófaklappi.

Kosið verður um þrjú sæti í varastjórn og komið hafa fram fjögur framboð.

- Bjarklind Þór (Leikfélagi Kópavogs)
- Fanney Valsdóttir (Leikfélagi Hörgdæla)
- Hjördís Berglind Zebitz (Leikfélagi Kópavogs)
- Úlfhildur Örnólfsdóttir (milli leikfélaga)

Frambjóðendur kynna sig.

Kosið er um meðlimi í varastjórn. Kosningu hljóta:

- Fanney Valsdóttir
- Bjarklind Þór
- Úlfhildur Örnólfsdóttir

Fundurinn fagnar með lófaklappi.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Kjörnefnd skipa Gerður Sigurðardóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Axel Vatnsdal. Kjörnefnd gefur kost á sér áfram. Sigríður Hafsteinsdóttir býður sig fram sem varamann í kjörnefnd og er það samþykkt með öllum atkvæðum.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Ingveldur Þórðardóttir og Oddfreyja Oddfreysdóttir eru skoðunarmenn reikninga. Ingveldur gefur áfram kost á sér en Örn Alexanderson hefur boðið sig fram sem annar skoðunarmaður í stað Oddfreyju sem gefur ekki kost á sér áfram. Brynhildur Sveinsdóttir gefur kost á sér sem varaskoðunarmaður reikninga.

Skoðunarmenn reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Gísli Björn Heimisson kynnir tillögu stjórnar að árgjaldi BÍL 2025-2026. Gjaldið var áður 98.000 kr.

Gísli Björn útskýrir að hækkunin sé yfirleitt ákveðin í samræmi við vísitölu neysluverðs. Milli áranna 2025-2026 er um það bil 3,64% hækkun og því hljóði tillagan svona:

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2023-2024

“Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2025-2026 verði kr. 102.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálft gjald eða kr. 153.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 204.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálft árgjald eða kr. 51.000.”

Spurning berst úr sal um hvort styrkirnir hafi hækkað og er því neitað. Gísli svarar því að áður fyrr hafi árgjaldið hækkað á nokkurra ára fresti í stórum stökkum og því hafi hann stungið upp á að uppreikna frekar árgjaldið og hækka lítillega á hverju ári.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður en enginn biður um orðið og ber hún þá tillögu upp til atkvæða og er tillaga að breyttu árgjaldi samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri biður fólk um að skrá sig á mælendaskrá fyrir önnur mál.

18. Önnur mál

Halla segir frá flöskum sem hafa verið merktar með sýningu og gefnar sem minjagripur um sýningu til leikara og annarra sem koma að sýningu í stað rósa eða annara blóma á Frumsýningu. Sýndar voru nokkrar myndir af þessum frábæru flöskum.

Ólöf þakkar fyrir frábært kjör og þakkar Gísla fyrir frábært samstarf síðustu mööörg ár. Hans verður sárt saknað. Úlfhildur er boðin velkomin í stjórn og Ólöf auglýsir einnig merki til sölu á þúsundkall og Allt fyrir Andan bók og merki fyrir 2.000 kr. Hún talar um hversu eigulegur gripur Allt fyrir Andann er.

Jónheiður býður fundarmenn velkomna að koma og skoða Litla leikhúsið við Sigtún á Selfossi á milli kl 12 og 13 á morgun sunnudag.

Anna María segir frá heimildarmynd / þáttum sem búið er að taka um áhugaleikfélögin . Magnþóra spyr hvenær séu áætlaðar sýningar? Anna María svara því að ekki sé búið að ákveða hvort þetta verði mynd eða þættir en þetta veður sýnt á RÚV þegar þar að kemur.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Fundarstjóri spyr hvort eitthvað félag hafi hugsað sér að halda næsta Bandalags þing.

Engin býður sig fram.

Hörður biður fólk að gera upp gistingu fyrir kvöldmat.

Ólöf þakkar embættismönnum, ritara fyrir að rita fundargerð og Sirrý fundarstjóra fyrir röggsama fundarstjórn.

Hún hvetur fólk til að halda í hefðir og ávarpa fundarstjóra formlega þegar það stígur í pontu og biður félögin að skoða hug sinn varðandi það að halda aðalfund á næsta ári.

Fulltrúi Leikfélags Vestmannaeyja réttir þá upp hönd og tilkynnir að þau hafi áhuga á að halda næsta þing og er því fagnað með lófaklappi.

Ólöf þakkar fyrir góða fundarsetu og slítur fundi.

Sirry þakkar fyrir sig og lýsir því yfir hvað hún hafi verið glöð að sjá svona mikið af fólki og að hún hafi miklar væntingar til Bandalagsins á komandi árum.

Fundargerð ritaði Jónheiður Ísleifsdóttir